

ENGINEERING
TOMORROW

Danfoss



eco

HOME

Snjallhitastillir fyrir miðstöðvarhitun

Uppsetningarleiðbeiningar**1. Uppsetning**

1.1	Finndu eco hitastillinn þinn.....	4
1.2	Innihald pakkans	4
1.3	Yfirlit yfir millistykki loka	5
1.4	Uppsetning á réttu millistykki.....	6
1.5	Rafhlöður settar í	7
1.6	Hnappanotkun	7
1.7	Tímasetning og dagsetning stillt í fyrsta sinn	8
1.8	Uppsetning eco.....	8
1.9	Sjálfvirkar stillingar.....	9
1.10	eco fjarlægt.....	9
1.11	eco endurstílt á forstilltar stillingar	10
1.12	Millistykki fjarlægt af eco	10

2. Tæknilegar upplýsingar11

Notendaleiðbeiningar**3. Skjár og valmyndir**

3.1	Heimaskjár	12
3.2	Stillivalmynd	12
3.3	Aðgerðavalmynd	13
3.4	Valmynd fyrir ítarlegri stillingar	14
3.5	Bið	15

4. Hitastigs- og kerfisstillingar

4.1	Stilling þægindahitastigs	16
4.2	Sjálvaldar kerfisstillingar	17
4.3	Breyting á kerfisstillingu P1	18
4.4	Breyting á kerfisstillingu P2	19
4.5	Að búa til fjarverustillingu	19
4.6	Fjarverustilling tekin af (snemmbær heimkoma)	20
4.7	Breyting á núverandi fjarverustillingu	21
4.8	Fjarverustillingu eytt	21
4.9	Stilling á Bið- (Pause) hitastigi	22

5. Viðbótarstillingar

5.1	Tímastilling	23
5.2	Afþvirkja sjálfvirkan sumartíma	23
5.3	Stilling hitastýringar	24
5.4	Sjálfvirk liðkun lokans	25
5.5	Virkjun snjallstýringar (spá)	25
5.6	Takmörkun á hitastillisviði	26
5.7	Barnalæsing	26
5.8	Bið	26
5.9	Virkni við opinn-glugga	27

6. Varúðarráðstafanir27**7. Förgun**27

1. Uppsetning

1.1 Finndu eco hitastillinn þinn

eco fæst í ýmsum útgáfum til að uppfylla þarfir mismunandi markaða. Sjá vörunúmer á merkimiða á kassanum.

Vörunúmer nr.	Eiginleikar útfærslu	Styttar leiðbeiningartungumál
014G0080	(DK) eco kemur með sérstöku millistykki RA-, RAV, RAVL og K, sem sett er á Danfoss-loka RA, RAV og RAVL eða loka keppinautar með M30x1,5 gengjum. Forstillt MODERATE og FORECAST ON í hugbúnaðarstillingu	DK, UK, FI, LT, EE, LV, IS, DE, FR, ES, PT, IT
014G0081	(DE) eco kemur með sérstöku millistykki RA-, RAV, RAVL og K, sem sett er á Danfoss-loka RA, RAV og RAVL eða loka keppinautar með M30x1,5 gengjum. Forstillt QUICK og FORECAST OFF í hugbúnaðarstillingu	DK, UK, FI, LT, EE, LV, IS, DE, FR, ES, PT, IT
014G0082	(FR) eco kemur með sérstöku millistykki RA-, COMAP og K, sem sett er á Danfoss-loka RA og COMAP með M28x1,5 gengjum eða loka keppinautar með M30x1,5 gengjum. Forstillt QUICK og FORECAST OFF í hugbúnaðarstillingu	DK, UK, FI, LT, EE, LV, IS, DE, FR, ES, PT, IT
014G0083	(PL, UK, NL, BE, HR, HU, RO, SK, CZ, SI, NO) eco kemur með sérstöku millistykki RA, RTD og K, sem sett er á Danfoss-loka RA og RTD eða loka keppinautar með M30x1,5 gengjum. Forstillt QUICK og FORECAST OFF í hugbúnaðarstillingu	PL, UK, NL, NO, CZ, HR, HU, RO, SK, SI, FR, SE
014G0084	(AT) eco kemur með sérstöku millistykki RA, RTD, Hertz og K, sem sett er á Danfoss-loka RA, RTD og Hertz loka með M28x1,5 gengjum eða loka keppinautar með M30x1,5 gengjum. Forstillt QUICK og FORECAST OFF í hugbúnaðarstillingu	DK, UK, FI, LT, EE, LV, IS, DE, FR, ES, PT, IT
014G0085	(FI, LT, EE, LV, IS) eco kemur með sérstöku millistykki RA og K, sem sett er á Danfoss-loka RA eða loka keppinautar með M30x1,5 gengjum. Forstillt MODERATE og FORECAST OFF í hugbúnaðarstillingu	DK, UK, FI, LT, EE, LV, IS, DE, FR, ES, PT, IT
014G0086	(SE) eco kemur með sérstöku millistykki RA-, MMA og K, sem sett er á Danfoss-loka RA og MMA með M28x1,5 gengjum eða loka keppinautar með M30x1,5 gengjum. Forstillt MODERATE og FORECAST OFF í hugbúnaðarstillingu	PL, UK, NL, NO, CZ, HR, HU, RO, SK, SI, FR, SE
014G0087	(ES,PT) eco kemur með sérstöku millistykki RA-, Orkli og K, sem sett er á Danfoss-loka RA og Orkli með M28x1,5 gengjum eða loka keppinautar með M30x1,5 gengjum. Forstillt QUICK og FORECAST OFF í hugbúnaðarstillingu	DK, UK, FI, LT, EE, LV, IS, DE, FR, ES, PT, IT
014G0088	(IT) eco kemur með sérstöku millistykki RA- og Hertz, sem sett er á Danfoss-loka RA og Hertz loka með M28x1,5 gengjum eða loka keppinautar með M30x1,5 gengjum. Forstillt QUICK og FORECAST OFF í hugbúnaðarstillingu	DK, UK, FI, LT, EE, LV, IS, DE, FR, ES, PT, IT
014G0089	(CH) eco kemur með sérstöku millistykki RA-, RAV, RAVL og K, sem sett er á Danfoss-loka RA, RAV og RAVL eða loka keppinautar með M30x1,5 gengjum. Forstillt QUICK og FORECAST OFF í hugbúnaðarstillingu	DK, UK, FI, LT, EE, LV, IS, DE, FR, ES, PT, IT

1.2 Innihald þakkans (eco eru afgreiddir með ofantöldum millistykki.) Í hverjum þakka er:



eco skynjari



Styttar leiðbeiningar












Sexkantlykill, 2 mm



Leiðbeiningar með millistykki


1.3 Yfirlit yfir millistykki loka

Til eru millistykki fyrir úrval mismunandi lokategunda sem aukabúnaður.


Teg. millistykki	Vörunúmer nr.	Millistykki	Loki
Fyrir Danfoss RA lokar	014G0251		
Fyrir M30 x 1,5 (K) loka	014G0252		
Fyrir Danfoss RAV lokar	014G0250		
Fyrir Danfoss RAVL lokar			
Fyrir Danfoss RTD lokar	014G0253		
Fyrir M28 loka:			
- MMA	014G0255		
- Herz	014G0256		
- Orkli	014G0257		
- COMAP	014G0258		

1.4 Uppsetning á réttu millistykki

Millistykki fyrir RA loka




Settu RA millistykkið á lokann eins og sýnt er.




Hertu millistykkið með 2 mm sexkantlykli.

Millistykki fyrir M30 x 1,5 (K) loka




Settu K millistykkið á lokann eins og sýnt er.




Hertu K millistykkið með hendinni (hám. 5 Nm).

Millistykki fyrir RAV loka (aukabúnaður)




Smelltu innra millistykkinu á lokann.




Hertu ytra millistykkið með hendinni (hám. 5 Nm).

Millistykki fyrir RAVL loka (aukabúnaður)




Smelltu innra millistykkinu á lokann.



Hertu ytra millistykkið með hendinni (hám. 5 Nm).


Millistykki fyrir RTD loka (aukabúnaður)

1.



Settu RTD millistykkið á lokann eins og sýnt er.

2.



Hertu RTD millistykkið með hendinni (hám. 5 Nm).

Millistykki fyrir M28 loka (aukabúnaður)

Fylgdu leiðbeiningum sem koma með millistykki við lokann fyrir tiltekinn M28 loka.

1.5 Rafhlöður settar í


Opnaðu lokið og settu í tvær rafhlöður af stærð AA. Gakktu úr skugga um að rafhlöðurnar snúi rétt.

Ekki má nota endurhlaðanlegar rafhlöður.


Þegar skipt er um rafhlöður haldast valstillingar, en eftir tvær mínútur endurstillast tímasetning og dagsetning.

Tákn um rafhleðsluskort  birtist u.þ.b. mánuði áður en rafhlöður tæmast.Eftir u.þ.b. tvær vikur blikkar  tákníð 14 sinnum frá kl. 19:00 til 21:00.

Áður en rafhlöður tæmast skilur eco lokann eftir í Frostverndandi stöðu til verja hitakerfið fyrir skemmdum.

**1.6 Hnappanotkun**eco er með tvo örva hnappa   sem gerir kleift að ferðast um skjáinn og valmyndir og stilla hitastigið.Miðhnappurinn  er notaður til að velja og staðfesta.




Ef slökkt er á skjánum skal ýta á annan hvorn hnappinn til að virkja skjáinn.



1.7 Tímasetning og dagsetning stillt í fyrsta sinn

1.  Þegar rafhlöðurnar eru komnar í blikkar tímasetning á skjánum - 23:59. a. Stilltu klst. með , og ýttu á  til að staðfesta. b. Stilltu klst. með , og ýttu á  til að staðfesta. c. Stilltu dags. með , og ýttu á  til að staðfesta.	2.  Þegar ✓ blikkar skaltu ýta á  til að staðfesta stillingar. Skjárinn skiptir nú á uppsetningarham, og stórt  blikkar á skjánum.
--	--

1.8 Uppsetning eco

1. Athugaðu! Virkjaðu uppsetningarham.  Gakktu úr skugga um að þú sért í uppsetningarham áður en eco er sett upp. Ef ekki skaltu ýta á  í 4 sekúndur.	2.  Stórt  blikkar nú á skjánum til að gefa til kynna að uppsetningarhamur sé virkur.
3.  Skrúfaðu eco-hitastillinn á millistykkið og hertu með hendinni. 5 Nm). Jafnframt því að þrýsta fram á við skaltu snúa eco réttisælis þar til hann læsist og herða síðan.	4.  Ýttu á  í 4 sekúndur til að festa eco inni.

1.9 Sjálfvirkar stillingar

Þegar eco hefur verið sett upp fer hann sjálfkrafa að stilla sig eftir hitakerfinu.

Meðan á því stendur finnst þér ef til vill hitastillirinn bregðast fremur hægt við eða hækki og lækki hitann af sjálfu sér. Það er eðlilegur og nauðsynlegur hluti af stilliferlinu.

1. Stilling lokans

Fyrstu nóttina sem eco er í gangi lokar hann fyrir ofnhitann og opnar síðan aftur til að skynja rétta opunarstillingu lokans. Þannig getur eco stýrt hitanum með sem hagkvæmustum hætti. Ef þörf krefur er aðgerðin endurtekin einu sinni á nóttu í allt að viku.




2. Snjallstýring (spá)

Ef þú virkjar snjallstýringu eco lærir hann fyrstu vikuna, sem hann er í gangi, hvenær þarf að byrja að hita herbergið til að ná réttu hitastigi á réttum tíma.

Snjallstýringin heldur sífellt áfram að leiðrétta hitunartímann samanborið við árstíðasveiflur í hitastigi. Sjá kafla 5.5 um hvernig eigi að virkja snjallstýringuna.


Ef sparnaðarkerfið er notað þarf hitakerfið að búa yfir nægri orku til að hita upp á stuttum tíma. Ef vandamál koma upp skal hafa samband við uppsetningaraðilann.

1.10 eco fjarlægð

1.  Virkur uppsetningarhamur: Ýttu á  í 4 sekúndur. Þegar  blikkar skal ýta á .	2.  Stórt  blikkar nú á skjánum til að gefa til kynna að uppsetningarhamur sé virkur.
3.  Opnaðu lokið og fjarlægðu rafhlöðurnar.	4.  Notaðu sexkantinn til að læsa hringnum á millistykkinu. Snúðu andsælis til að losa eco af millistykkinu.


1.11 eco endurstíllt á forstilltar stillingar

1.



Opnaðu lokið og fjarlægðu aðra rafhlöðuna.


2.



Ýttu á og haltu . Haltu áfram að halda meðan rafhlaðan er sett aftur í. Skjárinn sýnir allar aðgerðir og fer síðan aftur að blikka mikið .


1.12 Millistykki fjarlægt af eco

1.




Opnaðu lokið yfir rafhlöðunum.

2.




Notaðu lítinn sexkant til að læsa hringnum á millistykkinu.

3.



Jafnframt því að læsa hringnum á millistykkinu með sexkantinum skal snúa millistykkinu í þá átt sem sýnd er.

4.



Settu rafhlöðulokið á sinn stað. Settu eco á annað lokamillistykki í samræmi við fyrirmæli með millistykkinu.

2. Tæknilegar upplýsingar

Gerð hitastillis	Forritanleg rafeindastýring fyrir ofnloka
Ráðlögð notkun	Til heimilisnota (mengunarstig 2)
Stýriliði	Rafvélrænn
Skjár	Grár, rafrænn með baklýsingu
Hugbúnaðarflokkur	A
Stýring	PID
Aflgjafi	2 x 1,5 V alkalíraflhlöður af gerð AA (fylgja ekki)
Aflnotkun	3 μ W í viðbragðsstöðu 1,2 W í vinnslu
Ending rafhlöðu	Allt að 2 ár
Merki um að lítið sé á rafhlöðu	Rafhlöðutákn blikkar á skjá. Ef lítið er á rafhlöðunni blikkar allur skjárinn.
Umhverfishitasvið	0 til 40 °C
Hitastig við flutninga	-20 til 65 °C
Hámarks vatnshitastig	90 °C
Hitastillisvið	4 til 28 °C
Mælitíðni	Mælir hitastig á mínútu fresti
Klukkunákvæmni	+/- 10 mín/ár
Spindilhreyfing	Línuleg, allt að 4,5 mm, hárm. 2 mm á loka (1 mm/s)
Hávaðastig	<30 dBA
Öryggisflokkur	Gerð 1
Þyngd (ásamt rafhlöðum)	177 g (með RA millistykki)
IP flokkur	20 (ekki til notkunar við hættulegar aðstæður eða á stöðum þar sem vatn getur komið inn á kerfið)
Samþykki, merkingar o.s.frv.	  

3. Skjár og valmyndir

3.1 Heimaskjár

Þegar ýtt er á  birtist heimaskjárin með grunnupplýsingar um forritun og notkun eco:

Tíminn er táknaður með hring sem teiknaður er með brotinni línu, þar sem hvert strik táknar 30 mínútur.


- Svört strik = tímabil með þægilegt hitastig.
- Hvít strik = tímabil með lækkuðu hitastigi.
- Blikkandi strik = núverandi tímasetning.

Valin stilling P0, P1, P2,  (Ferðalög)

eða  (Bið)

Vikudagur


Hitastigsstilling*



* eco sýnir **stillihitastig** ekki **ekki mælt herbergishitastig**.

3.2 Stillivalmynd

1.



Við val á stillivalmynd:

Ef slökkt er á skjánum skal ýta á , þar næst aftur á  til að opna stillivalmynd.


Notaðu  til að skipta á milli stillinga. Ýttu á  til að staðfesta. Valin stilling (prógramm) blikkar.

Skjátákn á stillivalmynd (kerfisvalmynd)

P0	Kerfi (stilling) án sjálfvirkar hitastigslækkunar. Kerfið viðheldur þægilegu 21 gráðu hitastigi stöðugt dag og nótt.
P1	Sparnaðarkerfi sem lækkar sjálfkrafa hitastigið í 17 °C á nóttunni (22:30 - 06:00). Tíma og hitastig er hægt að stilla.
P2	Ítarleg sparnaðarstilling (-kerfi) sem lækkar sjálfkrafa hitastigið í 17°C á nóttunni (kl. 22:30 - 06:00) og að deginum á virkum dögum (kl. 08:00 - 16:00). Tíma og hitastig er hægt að stilla.
	Bið- (kerfi). Hitastillirinn viðheldur stöðugu 4-10 °C hitastigi í herberginu og tryggir þannig frostvörn.

Athugaðu! Táknin verða að blikka til að hægt sé að virkja þau.

3.3 Aðgerðavalmynd

1.  Við val á aðgerðavalmynd: Ef slökkt er á skjánum skal ýta á , því næst  ýta á báða og halda í 3 sekúndur.	2.  Notaðu   til að skipta á milli aðgerða.
--	--

Skjátákn í aðgerðavalmynd

	Uppsetningarhamur verður að vera virkur til að setja upp eða fjarlægja eco. Hitastillirinn getur skemmst þannig að ekki sé hægt að gera við hann ef hann er ekki í réttri stöðu við uppsetningu.
	Fjarverustilling sem lækkar hitastigið meðan verið er á ferðalagi. Dagsetningu, tíma og hitastig er hægt að stilla.
	Stilltu tíma og dagsetningu - sjá kafla 5.1.
P1	Sparnaðarkerfi, breyting á sjálfvöldum stillingum. Hægt er að stilla tíma og hitastig um virka daga og helgar.
P2	Ítarlegt sparnaðarkerfi, breyting á sjálfvöldum stillingum. Hægt er að stilla tíma og hitastig um virka daga og helgar.
	Bið (-kerfi). Stilling á sjálfvöldu hitastigi í Bið.

Athugaðu! Táknin verða að blikka til að hægt sé að virkja þau.

3.4 Valmynd fyrir ítarlegri stillingar

1.

Þegar valin er valmynd fyrir ítarlegri stillingar: Ef slökkt er á skjánum skal ýta á , því næst ýta á og halda í 3 sekúndur til að opna aðgerðavalmynd.

2




Ýttu á báða hnappa í 3 sekúndur til að opna valmynd fyrir ítarlegri stillingar.

Skjátákn í valmynd fyrir ítarlegri stillingar

	Staðfestu val.
	Virkjun/afvirkjun sumartímastillingar - sjá kafla 5.2.
	Virkjun/afvirkjun snjallstýringar (spá) - sjá kafla 5.5.
	Val á hófsamri eða hraðri hitastýringu - sjá kafla 5.3.
	Stilling hámarks- og lágmarkshitasviðs - sjá kafla 5.6.
	Barnalæsing - sjá kafla 5.7.

Athugaðu! Táknin verða að blikka til að hægt sé að virkja þau.





3.5 Bið

1.  Bið-stilling virkjuð með kerfisvalmynd (stillivalmynd). Ef slökkt er á skjá skal ýta á . Ýttu aftur á  til að opna kerfisvalmyndina. Bið-táknið blikkar .	2.  Ýta skal á  til að staðfesta að þú viljir stilla eco á Bið-stillingu.
3.  Allur skjáinn blikkar rólega til að sýna að Bið-stilling er virk.	4.  Til að taka Bið af skal ýta tvisvar á  og eco snýr aftur á heimaskjá.

Athugaðu! Sjálfvalið Bið-hitastig er 6 °C. Við stillingu á Bið-hitastigi sjá kafla 4.9.

4. Hitastigs- og kerfisstillingar

4.1 Stilling þægindahitastigs

1.  Ef slökkt er á skjá skal ýta á . Notaðu  örvahnappana til að hækka eða lækka þægindahitastigið (sjálfvalið hitastig er 21 °C). eco viðheldur nýja þægindahitastiginu fram að næsta lækunar- eða þægindatímabili.	2.  Ef hitastiginu er breytt á tímabili lækunarhitastigs (sjálfvalið 17 °C), gildir nýja hitastigið aðeins á lækunartímabilinu. Varðandi varanlega breytingu á lækunarhitastigi, sjá kafla 4.3.
3.  Ef þægindahitastigið er sett á lægstu stillingu, birtast MIN og hitastigið, sem gefa til kynna stöðugt lágmarkshitastig.	4.  eco mælir hitastigið með tveimur innbyggðum skynjurum - öðrum á bak við skjáinn og hinum nálægt lokanum. Herbergishitastigið er reiknað út með hliðsjón af báðum aflestrum fyrir svæði um 20 cm framan við skjáinn. Það gerir eco kleift að stýra raunhitastigi í herberginu nákvæmlega. Athugaðu að kuldi eða hiti getur komið frá t.d. eldstæði, beinu sólarljósi eða dragsúg og haft áhrif á virkni eco.

Athugaðu! Ef stillihitastig er hækkað meira en 1 °C opnar eco fyrir ofninn til að flýta fyrir að ná nýja hitastiginu. Finna má að lokinn og ofninn hitna. Minniháttar hitastigsbreytingar opna ekki fyrir inn á ofninn þannig að merki um breytingarnar koma ekki strax fram.

4.2 Sjálfvaldar kerfisstillingar

Kerfi P₀

Kerfið er án sjálfvirkrar hitastigslækkunar. Það viðheldur stöðugu, þægilegu hitastigi dag og nótt. Sjálfvalið þægindahitastig er 21 °C, það er stillanlegt á milli 6 og 28 °C.

0	3	6	9	12	15	18	21	24
21 °C								

Kerfi P₁

Þetta er sjálfvalið sparnaðarkerfi, þar sem þægindahitastigið er 21 °C og lækkunartímabilið frá kl. 22:30 til 6:00 er með 17 °C hitastig. Tíma og hitastig er hægt að stilla, bæði fyrir þæginda- og lækkunartímabil.

0	3	6	9	12	15	18	21	24
17 °C		21 °C						17 °C

Kerfi P₂

Þetta er ítarlegra sparnaðarkerfi með lækkunartímabil frá kl. 22:30 til 6:00 og viðbótar lækkunartímabil frá kl. 8:00 til 16:00 á virkum dögum. Tíma og hitastig er hægt að stilla, bæði fyrir þæginda- og lækkunartímabil.

Virkir dagar:

0	3	6	9	12	15	18	21	24
17 °C		21 °C	17 °C			21 °C		17 °C

Helgi:

0	3	6	9	12	15	18	21	24
17 °C		21 °C						17 °C

Fjarverustilling

Kerfið viðheldur lækkuðu hitastigi (sjálfvalið 17°C) stöðugt dag og nótt. Notaðu kerfið til að spara orku meðan verið er á ferðalagi. Tíma og hitastig er hægt að stilla.

0	3	6	9	12	15	18	21	24
17 °C								

Bið-kerfi


Kerfið viðheldur lágu hitastigi (sjálfvalið 6°C) dag og nótt. Notaðu kerfið til að hindra tjón á ofninum meðan verið er á ferðalagi. Hitastigið er stillanlegt.

0	3	6	9	12	15	18	21	24
6 °C								

4.3 Hitastigs- og kerfisstillingar, P1


Lagaðu sjálfvalin kerfi P1 og P2 að eigin áætlun og æskilegum tíma- og hitastillingum.

1.




Ef slökkt er á skjánum skal ýta á , því næst ýta á og halda báðum  í 3 sekúndur til að opna aðgerðavalmynd. Notaðu  til að velja kerfi P1. Þegar valið kerfi blikkar skal ýta á  til að staðfesta.

2.




Upphafstími þægindatímabils á virkum dögum blikkar. Notaðu  til að stilla upphafstíma. Ýttu á  til að velja.

3.



Endatími þægindatímabils blikkar. Notaðu  til að stilla endatíma. Ýttu á  til að velja. Þegar búið er að velja tímasetningu skal ýta á  til að staðfesta.

4.



Þægingahitastig blikkar. Notaðu  til að stilla þægindahitastig. Ýttu á  til að velja.

5.



Lækkað hitastig blikkar. Notaðu  til að stilla lækkaða hitastigið. Staðfestu með .

6.




Upphafstími þægindatímabils á helgum blikkar. Notaðu  til að stilla upphafstíma. Ýttu á  til að velja.

5.



Endatími þægindatímabils á helgum blikkar. Notaðu til að stilla endatímamann. Ýttu á til að velja.

6.



Þegar blikkar skaltu ýta á til að staðfesta kerfi P1 í heild.

4.4 Breyting á kerfisstillingum, P₂

eco P₂ kerfi er aðlagð eins og P1.


Aths. - virkir dagar eru með 2 þægindatímabil.

4.5 Að búa til fjarverustillingu

Fjarverustillingin heldur lækkuðu hitastigi í tímabil sem þú skilgreinir.

Notaðu fjarverustillinguna til að spara orku meðan verið er á ferðalagi.

1.




Ef slökkt er á skjánum skal ýta á , því næst halda báðum og halda í 3 sekúndur til að opna aðgerðavalmynd. Notaðu til að velja . Þegar ferðatöskutáknið blikkar skal ýta á til að staðfesta.

2.




Dagurinn í dag blikkar. Notaðu til að stilla brottfarardag. Ýttu á til að staðfesta. Nú blikkar núverandi mánuður. Notaðu til að stilla brottfarmánuð. Ýttu á til að staðfesta.


3.  Komudagur blikkar. Notaðu til að stilla komudag. Ýttu á til að staðfesta. Nú blikkar núverandi komumánuður. Notaðu til að stilla komumánuð. Ýttu á til að staðfesta.	4.  Lækkað hitastig blikkar. Notaðu til að stilla lækunarhitastig. Ýttu á til að staðfesta.
5.  ✓ blikkar. Ýttu á til að staðfesta ferðastillinguna. Nú sést á heimaskjánum.	6.  Þegar brottfarardagur rennur upp sýnir skjáinn: , og þá skal stilla ferðatímabil og lækkað hitastig.

4.6 Fjarverustilling tekin af (snemmbær heimkoma)



Ef þú kemur fyrr heim en búist var við gætirðu viljað skipta af ferðastillingunni yfir á venjulegt kerfi.

1.  Ef slökkt er á skjá skal ýta á . Á skjánum birtist: , og þá skal stilla ferðatímabil og lækkað hitastig.	2.  Ýttu aftur á til að opna kerfisvalmyndina. Notaðu til að velja venjulega kerfið P0, P1 eða P2 og ýttu á til að staðfesta.
---	---

4.7 Breyting á núverandi fjarverustillingu (-kerfi)





1.  Ef slökkt er á skjánum skal ýta á , því næst ýta á báða  og  og halda í 3 sekúndur til að opna aðgerðavalmynd. Notaðu  til að velja . Ýttu á  til að staðfesta.	2.  Brottfarardagur blikkar. Breyttu honum með . Ýttu á  til að staðfesta breytingar og skiptu á næsta gildi. Þegar búið er að gera nauðsynlegar breytingar skal ýta á  til að staðfesta.
3.  ✓ blikkar núna. Ýttu á  til að staðfesta breytingar á fjarverustillingunni.	

4.8 Fjarverustillingu eytt

1.  Ef slökkt er á skjánum skal ýta á , því næst ýta á báða  og  og halda í 3 sekúndur til að opna aðgerðavalmynd. Notaðu  til að velja . Ýttu á  til að staðfesta.	2.  Notaðu  til að velja OFF. Ýttu á  til að staðfesta.
--	---



4.9 Stilling á biðhitastigi

Bið-kerfið heldur lækkaða hitastiginu uns annað prógramm er valið.



1.  Ef slökkt er á skjánum skal ýta á , því næst ýta á báða  og halda í 3 sekúndur til að opna aðgerðavalmynd. Notaðu  til að velja . Þegar Bið-táknið blikkar skal ýta á  til að staðfesta.	2.  Bið-hitastigið er stillt sjálfvalið á 6°C. Ef það er í lagi skal ýta á  til að staðfesta.
3.  Til að breyta Bið-hitastiginu skal nota . örvar. Þegar búið er að velja Bið-hitastigið skal ýta á  til að staðfesta.	4.  Farið er úr Bið-kerfinu með því að nota . örvar, velja  til að komast aftur í aðgerðavalmynd.



5. Viðbótarstillingar

5.1 Tímastilling

1.  Ef slökkt er á skjánum skal ýta á síðan ýta á báða til að opna aðgerðavalmynd. Notaðu til að velja . Ýttu á til að staðfesta.	2.  Klst. blikka. Notaðu til að stilla og ýttu á til að staðfesta. Þegar mínútur blikka skaltu nota til að stilla og ýttu á til að staðfesta.
3.  Þegar dags. blikkar skaltu nota til að stilla og ýta á til að staðfesta. Þegar mánuðir blikka skaltu nota til að stilla og ýta á til að staðfesta. Þegar ártalið blikkar skaltu nota til að stilla og ýta á til að staðfesta.	4.  ✓ blikkar. Ýttu á til að staðfesta breytingar á tímasetningu og dagsetningu.





5.2 Afvirkja sumartíma

1.  Ef slökkt er á skjánum skal ýta á síðan ýta á báða til að opna aðgerðavalmynd. Ýttu aftur á til að opna valmynd fyrir þróaðar stillingar. Notaðu til að velja og ýttu á til að staðfesta.	2.  Notaðu til að velja . Ýttu á til að staðfesta.
--	---

3.  Í blikkar og gefur til kynna að kveikt sé sjálfkrafa á sumartíma (on). Notaðu   til að skipta á . Ýttu á  til að staðfesta.	4.  Þú blikkar sem gefur til kynna að slökkt sé á sumartíma (off). Ýttu á  til að staðfesta.
--	--

Athugaðu: Sumarstilling ON er sjálfvalin

5.3 Stilling hitastýringar

1.  Ef slökkt er á skjánum skal ýta á , síðan ýta á báða   til að opna aðgerðavalmynd. Ýttu aftur á   til að opna valmynd fyrir þróaðar stillingar. Notaðu   til að velja . Ýttu á  til að staðfesta.	2.  Notaðu   til að velja . Ýttu á  til að staðfesta.
3.  Í blikkar og gefur til kynna að valin hafa verið hófleg hitunarviðbrögð (ráðlögð fyrir fjarhitun). Notaðu   til að skipta á . Ýttu á  til að staðfesta.	4.  Þú blikkar og gefur til kynna að valin hafa verið hröð hitunarviðbrögð (ráðlagt fyrir alla katla). Ýttu á  til að staðfesta.





Athugaðu: Sjálfvalin stilling fer eftir vörunúmeri - sjá töflu í kafla 1.1

5.4 Sjálfvirk liðkun lokans

Til þess að ofnlokinn sé í lagi og upp á sitt besta liðkar eco lokann sjálfkrafa á fimmtudögum um kl. 11:00 með því að opna að fullu og fara síðan aftur í venjulega stillingu.


5.5 Virkjun snjallstýringar (spá)

Snjallstýringin (spá) tryggir að eco nái þægindahitastigi tímanlega samkvæmt stillingum. Sjálfvalið er stillt á off nema vörunúmerið 014G0080 þar sem kveikt er á spá (on).

1.  Ef slökkt er á skjánum skal ýta á , síðan ýta á báða  til að opna aðgerðavalmynd. Ýttu aftur á  Til að opna valmynd fyrir þróaðar stillingar. Notaðu  til að velja FO. Ýttu á  til að staðfesta.	2.  Ýttu á báða  hnappa í 3 sekúndur. Notaðu  til að velja FO og ýttu á  til að staðfesta.
3.   blikkar og gefur til kynna að slökkt sé á spá (forecast). (slökkt er á sjálfvalinni stillingu).	4.  Notaðu  til að skipta á 1. sem gefur til kynna að kveikt sé á spánni (forecast). Ýttu á  til staðfestingar.


5.6 Takmörkun á hitastillisviði

1.



Ef slökkt er á skjánum skal ýta á , síðan ýta á báða til að opna aðgerðavalmynd. Ýttu aftur á til að opna valmynd fyrir ítarlegri stillingar. Notaðu til að velja HÁMARK/ LÁGMARK (MAX/MIN). Ýttu á til að staðfesta.

2.




Notaðu til að stilla HÁMARKS hitastig. Ýttu á til að staðfesta.
Notaðu til að stilla LÁGM. hitastig, ýttu á til að staðfesta.

5.7 Barnalæsing


Verndaðu eco stillingarnar fyrir fíkti með því að virkja barnalæsinguna.

1.



Ef slökkt er á skjánum skal ýta á , síðan ýta á báða til að opna aðgerðavalmynd. Ýttu aftur á til að opna valmynd fyrir þróaðar stillingar. Notaðu til að velja . Ýttu á til að staðfesta.


2.



birtist á heimaskjánum sem gefur til kynna að kveikt sé á barnalæsingunni (**on**). Afvirkjaðu barnalæsinguna með því að ýta á alla þrjá hnappana **samtímis** í 5 sekúndur.


5.8 Bið-aðgerðin

1.



Til að setja kerfið á Bið skal ýta á til að virkja skjáinn. Ýttu tvisvar á og eco fer á Bið. Skjárinn blikkar rólega til að sýna að Bið-stilling er virkt.

2.



Ef afvirkja á Bið-stillinguna skal ýta á til að virkja skjáinn, síðan tvisvar á til að afvirkja Bið-stillinguna.


5.9 Virkni við opinn-glugga

eco er með aðgerð fyrir Opinn-glugga, sem lokar lokanum ef herbergishiti fellur snögg og dregur þannig úr varmatapi.

Lokað er fyrir varmann allt að 30 mínútur áður en eco fer aftur í upphaflega stillingu.

Þegar Opinn-gluggi aðgerðin er virkjuð einangrast aðgerðin í 45 mínútur.

Athugaðu! Ef gluggatjöld eða húsgögn loka af eco kemur það í veg fyrir að hann skynji lækkandi hitastig og það getur haft áhrif á Opinn-glugga aðgerðina.



6. Varúðarráðstafanir


Ofnhitastillirinn er ekki ætlaður sem leikfang fyrir börn.

Ekki skal skilja eftir umbúðaeftir þar sem börn gætu freistast til að leika sér að þeim, því það er afar hættulegt.

Ekki reyna að taka sundur hitastillinn því í honum eru ekki neinir hlutar sem notandi getur skipt út. Ef villukóði E1, E2 o.s.frv. birtast á skjánum eða aðrar bilanir koma upp skal skila hitastillinum til söluaðila.

7. Förgun

Farga skal hitastillinum sem rafeindaúrgangi.



Danfoss A/S

Haarupvaenget 11

DK-8600 Silkeborg

Danmörk

Sími: +45 7488 8000

Fax: +45 7488 8100

www.danfoss.com

Danfoss tekur ekki ábyrgð á hugsalegum villum í bæklingum eða öðru prentuðu efni. Danfoss áskilur sér allan rétt til breytinga á framleiðslu sinni, án undangenginnar viðvörunar, bar á meðal á vörum, sem eru í þöntun, svo framarlega sem það veður ekki breytingum á umsómdum gildum. Öll vörumerki sem hér eru tilgreind eru eign hlutaðeigandi fyrirtækja. Danfoss, Danfoss firmamerkið eru vörumerki Danfoss A/S. Öll réttindi áskilin.